Börkur hefur fengið 1500 lestir af makríl

— á einum mánuði

Verðmæti 14 milljónir króna

BÖRKUR NK kom til Neskaupstaðar í fyrrakvöld með 400 lestir af makríl, sem skipið fékk á Hjaltlandsmiðum. Tvær vikur eru liðnar síðan Börkur kom síðast til Neskaupstaðar með makríl, en þá var skipið með 700 lestir, og áður var það búið að koma með 200—300 lestir.

Í þessari veiðiferð var mjög brælugjarnt við Hjaltland, og fór skipið til dæmis einu sinni til Færeyja með 70—80 lestir af makríl. Frá því að Börkur hóf þessar veiðar fyrir tæpum mánuði er skipið búið að fá um 1500 lestir af makríl, og er verðmæti þessa afla á 14. millj. króna.

Að sögn Jóhanns K. Sigurðssonar framkvæmdastjóra Útgerðar Síldarvinnslunnar h.f. í Neskaupstað, þá var skuttogarinn Bjartur að landa 120 lestum af fiski í Neskaupstað í gær og Barði var með um 80 lestir, en skipið varð að koma inn vegna smábilunar. Afli handfærabáta hefur verið sæmilegur síðustu tvær vikurnar.

— Súpukjöt

Framhald af bls. 32.

vera nóg til haustsins, enda fyllti sumarslátrunin í skarðið.

Þá sagði Ingi, að sala á kjöti hefði aukizt töluvert á þessu ári, og væri svo með flestar landbúnaðarafurðir, að sala þeirra hefði aukizt til mikilla muna.

Gunnar Snorrason hjá Kaupmannasamtökum Íslands, var ekki á alveg sama máli og Ingi Tryggvason. Hann sagði, að það væri yfirlýst hjá Framleiðsluráðinu, að töluvert magn af kjöti væri til í landinu, væri þetta kjöt að sjálfsögðu á eldra verðinu og væri það staðsett víða úti á landi. Almennt hefði vantað kjöt í verzlanir á Stór-Reykjavíkursvæðinu í mánaðartíma, og nú mætti segja að kjötleysið væri algjört. Það væri því krafa Reykvíkinga, að þær umframbirgðir af kjöti, sem í landinu væru, yrðu fluttar á þá staði, þar sem kjötbirgðir væru þrotnar.

Sængurkona sótt til Hafnar

SLYSAVARNAFÉLAGI Íslands barst í gærmorgun beiðni um að flytja fárveika sængurkonu frá Höfn í Hornafirði til Reykjavíkur. Flugskilyrði voru þá ekki sem bezt á Höfn, og var ákveðið að senda þyrlu. Þyrlan GNÁ var í skoðun fyrir hádegið, enda búin að vera í miklu leitarflugi á Norðurlandi. Var því þyrla varnarliðsins fengin til að fljúga austur og fór læknir frá Fæðingardeild Landspítalans með austur. Farið var af stað rétt fyrir kl. 13 og kom þyrlan til baka kl. 16.30. Sængurkonan var strax flutt í sjúkrahús í Reykjavík og heilsaðist henni vel eftir atvikum í gærkvöldi.



Til vinstri er Else Nordahl en efst í horninu til hægri er hin nýfundna perla.

— Perla

Framhald af bls. 32.

voru bönd, alsett perlum, á milli þeirra.

Talið er, að upphaflega hafi verið byggt þarna á 10. öld og bæir byggzt þarna fram á 15. öld. Ekki hefur enn verið unnt að sjá, hversu oft hefur verið byggt þarna, en það kemur ef til vill í ljós síðar, þegar hægt verður að rannsaka stærra svæði.

Brezkur dráttarbátur tók bauju Ægis er varðskipið reyndi að taka Lord St. Vincent

Varðskipin fá sennilega ekkert að gera, segir Einar Ásgeirsson skipstjóri á Hvalbak

Í FRÉTTUM útvarpsins á sunnudagskvöldið var nokkuð ítarlegt viðtal við Einar Ásgeirsson, skipstjóra á skut togaranum Hvalbak SU 300. Í viðtalinu lætur Einar í ljós óánægju íslenzkra skipstjóra vegna aðgerðarleysis Landhelgisgæzlunnar í landhelgismálinu. Voru til dæmis 7 brezkir togarar að veiðum innan 12 mílna markanna eða um 10 sjómílur frá Hvalbak aðfararnótt sl. sunnudags. Ekkert varðskip var þá á þessum slóðum, og gátu brezku togararnir því fiskað þarna í hinum mestu rólegheitum.

Einar segir í viðtalinu að togararnir hafi farið allt að 3 sjómílur inn fyrir 12 mílna mörkin, og að brezku togararnir haldi sínu striki, þannig að þeir þverbrjóti alþjóðasiglingalög. Brezku togararnir virðast leggja mikið á sig til að ná í eitt ýsuhal yfir nóttina, enda ýsukílóið komið upp í 200 krónur í Grimsby.

Í samtalinu við Einar kemur fram, að þegar Ægir kom að togaranum Lord St. Vincent fyrir nokkru, þá hafi varðskipið sett út bauju hjá honum, og að einn af íslenzku togurunum, sem þar voru hafi ætlað að gæta baujunnar. En þá hafi brezkur dráttarbátur komið og stolið baujunni. Dráttarbáturinn tók þar með eina sönnunargagn varðskipsins. — Þá segir að þyrlur brezku herskipanna hangi yfir íslenzku togurunum og skoði þá.

— Þetta er mjög þreytandi ástand og við sjáum engan tilgang með því að færa út í 50 mílur ef tilgangnum er ekki framfylgt, segir Einar og bætir við er hann var spurður, að varðskipin sjáist öðru hverju, en þau fái lítið að gert. Ástæðan sé sennilega sú, að þeim sé ekki leyft að gera neitt. Á varðskipunum séu ákveðnir menn og ef þeim væri hleypt í hjörðina, þá mundi verða einhver árangur. A.m.k. væri auðvelt að stugga við Þjóðverjunum, en þeir hafi verið 30 talsins á hornunum úti fyrir Austfjörðum á dögunum.

Í lok viðtalsins við Einar kemur fram, að það hefði, að hans áliti verið erfitt að taka togarann við þau skilyrði, sem voru þegar Ægir reyndi togaratökuna. Annars sagði Einar, að það væri engin kúnst að taka togara. Auðvelt væri að taka þá við Langanes, þegar þeir væru að koma að vestan. Verndarsvæðin væru aðeins tvö fyrir vestan og austan. Því væri það engin kúnst að taka skip t.d. við Langanes á leiðinni til Englands. Þá segir hann, að varðskipið þurfi að vera stanzlaust innan um brezku togarana í því að angra þá. Þá fara Bretarnir á taugum. Við skulum bara segja fyrir okkar leyti, við ættum ekki gott með að fiska undir svona álagi.

Létt lög í Háskólabíói

— leikin af ungum Japana

NK. SUNNUDAG mun ungur Japani, Sasaki að nafni halda tónleika í Háskólabíói, sem hefjast kl. 23.15.

Sasaki hefur hér dagsviðkomu, en hann er á hljómleikaför um Evrópu.

Hann leikur á Yamaha orgel, en árið 1970 vann hann orgelkeppni, sem Yamaha efnir árlega til. Sasaki leikur létta tónlist, bæði innlenda og erlenda. Hann mun m. a. leika lög eftir Sigfús Halldórsson. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis.



Ungi orgelsnillingurinn, Sasaki.

— Verðmæti

Framhald af bls. 32.

verandi gengi myndi vera um 2,4 milljónir íslenzkra króna og þótti þetta verð á sínum tíma mjög vægt og var álitið að póstþjónustan hefði þar gert reyfara kaup.

Margt gesta er væntanlegt á Íslandia 73. Stærsti hópurinn mun koma frá Norðurlöndum undir leiðsögn Axels Miltander, ritstjóra eða um 95 manns, allt Íslandssafnarar. Þá er sir. Athelstan Carö, sérfræðingur í ísl. frímerkjum, sem m.a. hefur rit að bók um íslenzk frímerki vænt anlegur á sýninguna, en einkasafn hans er í heiðursdeild sýningarinnar. Þá eru einnig nokkr ir Bandaríkjamenn væntanlegir og verða þeir um 20, þegar flest verður. Eru þeir flestir meðlimir Scandinavian Collectors Club og Íslandssafnarar. Meðal þeirra má nefna Roger A. Swanson, sem er einn þekktasti safnari íslenzkra frímerkja í Bandaríkjunum. Þá mun Póst- og símamálastjórnin bjóða nokkrum gestum til sýningarinnar.

Froskmaðurinn finnst ekki

LEITIN að Gunnari Kristinssyni froskmanni, sem hvarf er hann var að kafa við flugvélina, sem nauðlenti skammt frá Sandgerði á dögunum hefur enn engan árangur borið.

— Flug Vængja

Framhald af bls. 32.

Vængja h.f. til að halda uppi áætlunarflugi í Önundarfjörð, heldur hefur það veitt félaginu einkarétt til slíks flugs ásamt einkarétti til reglubundins flugs til 2ja annarra staða samkvæmt ósk félagsins og eftir óskum sveitastjórna. Mér kemur því ósk yðar nokkuð á óvart, í slík um málum verður vilji sveitastjórna mjög að ráða um úrslit.

Kveðja Hannibal."

Síðan gerist ekkert fyrr en nú, er samgöngumálaráðuneytið hef ur afgreitt þetta mál, með því að veita Flugfélagi Íslands einka leyfi til flugs á Þingeyri og þar með kippt stoðunum undan því að Vængir geti þjónað okkur.

Eru því flugsamgöngur okkar komnar í algjöra sjálfheldu, og er óánægjan gífurleg á Flaeyri.

Í dag var haldinn almennur fundur hér á Flateyri, og voru þar mættir hreppsnefndarmenn og margir íbúanna ásamt forsvarsmönnum Vængja. Niðurstaða fundarins var sú, að reyna að ná saman þingmönnum kjördæmisins og ráðherra og reyna að komast til botns í málinu. Almennt lýsa Önfirðingar undrun sinni yfir því, að Flugfélag Íslands skuli hafa sótt um einka rétt til lítils staðar úti á landi, því það hefur verið yfirlýst stefna F.Í., að það vilji aðeins fljúga til stærri staða. — Hingað hafa Vængir flogið þrisvar í viku, og ef Flugfélagið er tilbúið að fljúga hingað þrisvar í viku á næstunni þá erum við tilbúnir með jarðýtur til þess, að stækka flugvöllinn svo vélar félagsins geti lent hér.

Kristján.

— Íþróttir

Framhald af bls. 30.

Júlíus Hjörleifsson varð fjórði á 51,8 sek.

Kúluvarp:

Óskar Jakobsson varð annar með 13,80 metr.

Guðni Halldórsson varð þriðji með 13,75 metr.

2000 metra hindrunarhlaup:

Markús Einarsson varð þriðji á 6:26,8 mín.

Magnús Geir Einarsson varð fjórði á 7:32,9 mín.

100 metra hlaup:

Vilmundur Vilhjálmsson sigraði á 11,0 sek.

Sigurður Sigurðsson varð fjórði á 11,7 sek.

Langstökk:

Vilmundur Vilhjálmsson sigraði, stökk 6,83 metr.

Sigurður Sigurðsson varð fjórði, stökk 6,00 metra.

1500 metra hlaup:

Jón Diðriksson varð þriðji á 4:03,8 mín.

Gunnar P. Jóakimsson varð fjórði á 4:14,2 mín.

4x100 metra boðhlaup:

Sveit Íslands varð önnur á 45,4 sek.